

Breytingartillögur

við frv. til l. um verðbréfavíðskipti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttir.

1. Við 4. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
Fjármálafyrirtæki skulu starfa í samræmi við leiðbeiningarreglur sem Fjármálaeftirlitið gefur út um það hvað teljist góðir víðskiptahættir í verðbréfavíðskiptum.
2. Við 7. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
Staðlaðir viðvarandi samningar skulu bornir undir Fjármálaeftirlitið áður en þeir koma til framkvæmda.
3. Við 8. gr.
 - a. 1. málslíður orðist svo: Sala fjármálafyrirtækis eða milliganga þess um sölu á óskráðum verðbréfum og óskráðum afleiðusamningum til annarra en fagfjárfesta er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu víðskiptavinar, enda sé ekki um að ræða sölu eða milligöngu í almennu útboði verðbréfa.
 - b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Sala óskráðra verðbréfa og óskráðra afleiðusamninga.*
4. Við 55. gr.
 - a. Við 1. mgr. bætist nýr tölulíður er orðist svo: réttindi og skyldur, skv. II. kafla.
 - b. 2. mgr. falli brott.